

Fréttabréf UMSE

1. tbl. 28. Árgangur 2013



Fréttir af 92. ársþingi

92. ársþing Ungmennasambands Eyja-fjarðar, UMSE, var haldið í Valsárskóla á Svalbarðseyri laugardaginn 16. mars síðastliðinn.

Alls áttu 58 fulltrúar rétt til setu á þinginu; 53 frá aðildarfélögum og 5 frá aðalstjórn. Auk þess var gestum frá UMFÍ og ÍSÍ boðið að sitja þingið. Því miður mætti aðeins ríflega helmingur þeirra fulltrúa sem aðildarfélögin áttu kost á að senda á þingið og í framhaldinu var það rætt í fullri alvöru á þinginu hvort breyta ætti fyrirkomulagi þess í framtíðinni í þá átt að stytta það og halda jafnvel kvöldþing í miðri viku. Þó var gleðilegt að stór hluti þeirra fulltrúa sem sat þingið var að koma á ársþing UMSE í fyrsta skipti.

Ýmsar tillögur sem móta munu starf sambandsins á næsta ári voru teknar fyrir í starfsnefndum á þinginu og afgreiddar að loknum umræðum. Þá voru samþykktar breytingar á lögum sambandsins og reglugerð er snýr að Afreksmannasjóði.

Eitt nýtt félag sótti um aðild að UMSE á ársþinginu, Grjótglímufélagið á Dalvík. Var samþykkt að veita félaginu inngöngu í UMSE með fyrirvara um samþykki ÍSÍ og UMFÍ.

Kosið var um tvo menn í aðalstjórn; Einar Hafliðason gjaldkera og Kristínu Hermannsdóttur varaformann. Einar gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var endurkjörinn en Kristín gaf ekki kost á sér. Tillaga uppstillingarnefndar um að Edda Kamilla Örnólfsdóttir kæmi inn í stjórn í hennar stað var samþykkt samhljóða.

Þá voru þrír einstaklingar kosnir í varastjórn til eins árs; Svanbjört Brynja Bjarkadóttir, Guðrún Sigurðardóttir og Sigurður Eiríksson.

Þingsstörfum lauk með glæsilegu kaffihlaðborði kvenfélags Svalbarðs-strandar. Í kaffinu voru veittar viðurkenningar til íþróttafólks sem skaraði fram úr á árinu í sinni grein.



Kjöri íþróttamanns UMSE 2012 var lýst á þinginu og hlaut Agnar Snorri Stefánsson, Hestamannafélaginu Hring, nafnbótina. Jakob Helgi Bjarnason Skíðafélagi Dalvíkur varð annar og Bessi Víðison Umf. Svarfdælum þriðji. Hestamannafélagið Hringur hlaut Félagsmálabikar UMSE.

Þá voru þrír einstaklingar sæmdir starfsmerki UMSE fyrir gott og mikið starf í þágu ungmennahreyfingarinnar. Það voru þau Starri Heiðmarsson, Umf. Æskunni, Birkir Örn Stefánsson, Umf. Æskunni og Sigríður Bjarnadóttir, Hestamannafélaginu Funa. Sigríður var jafnframt sæmð starfsmerki UMFÍ.

Styrkur Landflutninga-Samskipa

Í febrúar afhenti Óskar Jensson, forstöðumaður Landflutninga-Samskipa, formanni UMSE Óskari Þór Vilhjálmssyni, ágóðann af jólapakkasendingum Landflutninga á starfssvæði UMSE fyrir síðustu jóli.

Líkt og kunnugt er gerðu UMSE og Landflutningar með sér samkomulag fyrir síðustu jóli um að ágóði af jólapakkasendingum Landflutninga á starfssvæði UMSE mundi renna til UMSE og yrði nýttur í þágu barna- og unglिंगastarfs og til frekari uppbyggingar á því.

Báðir aðilar hafa lýst yfir vilja til frekara samstarfs og í umræðunni er samningur milli þessara aðila til nokkurra ára.



Með þessu vilja Landflutningar leggja sitt af mörkum til þess góða barna- og unglिंगastarfs sem starfrækt er á starfssvæði UMSE.

UMSE færir Landflutningum bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Opnunartími á skrifstofu UMSE:

Fimmtudaga frá kl. 11:00 til 16:00

Föstudaga frá kl. 13:00 til 16:00

Stefnumótun UMSE

Á formannafundi UMSE 24. janúar var hafin formlega vinna við stefnumótun UMSE. Markmið með vinnunni er að draga fram gildi UMSE og skilgreina hvert hlutverk sambandsins er gagnvart tengdum aðilum, s.s. aðildarfélögum og sveitarfélögum. Í framhaldi að því hyggst stjórn UMSE gera samstarfssamning við sveitarfélögin um rekstrastyrk, til lengri tíma, sem byggir á ofangreindri vinnu. Með þessu er vonast til að hlutverk og starfsemi UMSE verði skýrari og aðgengilegri aðildarfélögum og félagsmönnum.

Áætlað er að drög að stefnunni verði kynnt á formannafundi UMSE í janúar á næsta ári og stefnan verði lögð fram til samþykktar á 93. ársþingi.

Ungmennaráð UMFÍ

Leitað eftir áhugasömum einstaklingum!

Stjórn UMFÍ hefur óskað eftir tilnefningum í ungmennaráð UMFÍ. Öllum sambandsaðilum var falið að tilnefna tvo einstaklinga til ráðsins. Stjórn UMFÍ mun svo skipa sjö einstaklinga á aldrinum 15-30 ára í ráðið til tveggja ára í senn. Markmið ungmennaráðs er að ungmenni fái aukna ábyrgð og tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku um mótun þess félags- og tómstundastarfs sem þau eru virk í og tengja skoðanir sínar inn í starf ungmennafélagshreyfingarinnar. Stjórn og framkvæmdastjórn UMFÍ geta vísað málum til Ungmennaráðs til umfjöllunar og umsagnar.

Áhugasamir um að bjóða sig fram til þátttöku í ungmennaráði UMFÍ hafi samband við skrifstofu UMSE eða með tölvupósti á umse@umse.is.

Landsmótasumar

Mikið er á dagskránni þetta sumarið. Þrjú landsmót verða á vegum UMFÍ á þessu ári. Þetta eru Landsmót UMFÍ 50+, Landsmót UMFÍ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stefnir er á keppni á öllum þessum mótum og er verið að vinna að stofnun nefnda vegna þess undirbúnings.

3. Landsmót 50+



Fer fram í Vík í Mýrdal, 7.-9. júní. Að sögn er aðstaðan á svæðinu til fyrirmyndar og hentar vel til móta-haldsins. Keppnisgreinar á mótinu verða: Almenningshlaup, Boccia, Bidds, Frjálsar, Golf, Hestaíþróttir, Hjólreiðar, Leikfimi, Dans, Línudans, Pútt, Ringó, Skák, Sund, Starfsíþróttir, Hringdansar og Þríþraut. Opnað hefur verið fyrir skráningu á mótinu inn á vef UMFÍ.

27. Landsmót UMFÍ



Fer fram á Selfossi 4.-7. júlí. Íþróttaaðstaða á Selfossi hefur byggst upp mjög hratt undanfarin ár og er þar að finna einhverja bestu aðstöðu á landinu til íþróttaiðkunar. Keppnisgreinar á mótinu verða: Badminton, Blak, Borðtennis, Bridds, Dans, Fimleikar, Frjálsíþróttir, Glíma, Golf, Handknattleikur, Hestaíþróttir, Íþróttir fatlaðra, Júdo, Knattspyrna, Kraftlyftingar, Körfuknattleikur, Motorcross, Skák, Skotfimi, Sund Taekwondo, Starfsíþróttir (Pönnukökubakstur, Lagt á borð, Jurtagreining, Gróðursetningu trjáplantna, Dráttarvélaakstur, Stafsetning, Hestadómur og Starfshlaup). Að auki þrjár greinar sem verða opnar.

Mótinu hefur ávalt verið stór þáttur í starfi UMSE og stefnum við að myndarlegri þátttöku á mótinu. Undirbúningsnefnd UMSE vegna mótsins mun hefja störf

fljótlega og eru áhugasamir hvattir til að hafa samband við skrifstofu UMSE.

16. Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmótið fer að þessu sinni fram á Höfn í Hornafirði 2.-4. ágúst. Íþróttakeppnin er uppistaða mótsins en samhlíða henni verður boðið upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá fyrir alla aldurshópa. Veruleg uppbygging íþróttamannvirkja var fyrir mótinu 2007 og hún hefur haldið áfram síðan. Stórglæsileg sundlaug og stórt knattspyrnuhús hafa verið tekin í notkun og munu koma að góðum notum á mótinu.

Fjöldi keppenda UMSE hefur á síðustu árum vaxið stöðugt viljum við hvetja sem flesta til að koma og taka þátt í mótinu með okkur. Undirbúningur fyrir þátttöku á mótinu fer að hefjast á næstunni. Áhugasömum um að taka þátt í undirbúningnum er bent á að hafa samband við skrifstofu UMSE.

UMSE gallinn

Í ljósi þess að mikið landsmótasumar er framundan, tókum við nú við pöntunum í félagsgalla UMSE. Gallinn er framleiddur af Henson, sérstaklega fyrir okkur. Gallinn ber merki UMSE á og hægt er, auk þess, að setja merki aðildarfélags á gallann. Verð á gallanum eru:

Barnastærðir m/kraga, 7.500.- kr.
Fullorðinsstærðir m/kraga, 8.600.- kr.
Barnastærðir m/hettu, 8.400.- kr.
Fullorðinsstærðir m/hettu, 9.600.- kr.
Stakur hettujakki 5.700.- kr.
Stakar buxur 4.100.- kr.

Blómasala um Hvítasunnu

Hin árlega blómasala UMSE verður um Hvítasunnuhelgina. Um er að ræða sameiginlega fjáröflun UMSE og nokkurra aðildarfélaga. Farið verður að venju í hús á starfssvæðinu og blóm boðin til sölu. Það er okkar von að vel verði tekið á móti sjálfbóðaliðum okkar.

Sjálfbóðaliðavefurinn „Allir sem einn“

Á 71. Íþróttahátíð ÍSÍ var formlega tekinn í gagnið vefur sem hefur það megin markmið að skapa vettvang fyrir sjálfbóðaliða til þess að halda utan um sitt framlag hvort sem það er unnið í



þágu íþróttahéraða, sérsambanda, félagsliða eða ÍSÍ. Þannig má fá yfirsýn yfir það fjölbreytta starf sem sjálfbóðaliðar vinna innan íþróttahreyfingarinnar. Allir sem leggja sitt af mörkum með sjálfbóðaliðastarfi eru hvattir til að kynna sér málið og skrá sig á vefinn, en tengil á hann má finna á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is.



FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi er aðalstyrktaraðili UMSE. Bústólpi hefur þannig um áraraðir lagt sitt af mörkum við uppbyggingu þeirrar öfluglu íþróttastarfsemi sem nú er á starfssvæði UMSE.

Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgripi, sauðfé, svín, hross, varp-, og alifugla. Auk þess hefur fyrirtækið á boðstólum úrval af sáðvöru, og áburði í litlum sem stórum pakkningum, á hagstæðu verði.

Fyrirtækið býr yfir áralangri reynslu í þjónustu við bændur, garðeigendur og skógræktarfólk.

Bústólpi selur einnig fódursíló og aðrar vörur tengdar fódrun og jarðrækt.

Heimsækið Bústólpa á www.bustolpi.is

www.umse.is

Lítu við á heimasíðu UMSE

Þar finnurðu fréttir af starfi UMSE og aðildarfélaga þess

Skrifstofa UMSE er opin á fimmtudögum kl. 11:00-16:00 og á föstudögum kl. 13:00-16:00.

Után þess tína er hægt að hafa samband við framkvæmdastjóra í síma: 868-3820

eða tölvupósti: umse@umse.is

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.

Útgefandi:

Ungmennasamband Eyjafjarðar

Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: www.umse.is

Tölvupóstur: umse@umse.is

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson